arinnar í Skaptártunguhreppi um að tjeður hreppur verði gjörður að sjerstakri manntalspinghá með þingstað að Flögu, veiti jeg hjermeð samþykki mitt til þess að Skaptártunguhreppur í Vestur-Skaptafellssýslu verði sjerstök manntalspinghá með þingstað að Flögu, þó með því skilyrði, að hreppsnefndin komi upp óaðfinnanlegu og rúmgóðu þinghúsi á Flögu og skuldbindi sig til að viðhalda því síðan. 50 6. apríl

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir sýslumanninum í Skaptafellssýslu.

Brjef landshöfðingja *til biskupsins* **um bráðabirgða-uppbót til prestakalla.** — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, 24. f. m., vil jeg hjermeð fallast á, að eptirnefndum prestaköllum verði af fje því, sem ræðir um í 13. gr. b. 2. fjárlaganna fyrir árin 1888 og 1889, veitt bráðabirgðauppbót sú fyrir næstkomandi fardagaár, sem hjer segir: 51 6. apríl

1. Staður í Grindavík	fái	300 kr.
2. Staður í Aðalvík	—	600 —
3. Tjörn á Vatnsnesi	—	300 —
4. Miðgarður í Grímsey	—	400 —
5. Höfði	—	100 —
6. Lundarbrekka	—	300 —
7. Sauðlauksdalur	—	250 —
8. Skarðsþing	—	250 —
		kr. 2.500

Þetta læt jeg eigi hjálíða, að tilkynna yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, og skal jeg um leið geta þess, að jeg hefi í dag lagt fyrir landfógetann að greiða uppbótarfje þetta úr jarðabókarsjóði samkvæmt ráðgjafabrjefi 11. nóvbr. 1881 (Stjórnartíð. 1881 B. bls. 152.).

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu* **um skilning á 3. gr. laga um verzlun og siglingar** $^{7}/_{11}$ **1879.** — Með brjefi, dags. 22. f. m., sem hingað hefur komið beina leið, hefur F. Jónsson á Ytri-bakka spurzt fyrir um, hvort hann sem sveitakaupmaður eigi hafi heimild til að neyta leyfis þess, sem þeim kaupmönnum, er reka fasta verzlun hjer á landi, er veitt með 3. gr. í lögum um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi 7. nóvbr. 1879, að verzla á skipum hvar sem vera skal, með þeim einum skilyrðum, að fullnægja tollgreiðslu- og sóttvarnarlögunum í einhverju löggiltu kauptúni og verzla eigi með áfenga drykki annarsstaðar en á löggiltum kauptúnum. 52 11. apríl

Útaf þessu skal jeg biðja yður, herra sýslumaður, að tilkynna spyrjandanum, að jeg verð að álíta, að heimild sú, sem um er rætt í 3. gr. ofannefndra laga, sje að eins veitt þeim, er reka fastar verzlanir þær, sem nefndar eru í 2. gr. sömu laga, þ. e. í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum, en að heimild þessi nái ekki til þeirra, sem nefndir eru í 5. gr. laganna, sveitaverzlunarmenn.